

keisaradýrkunin og gnæfði yfir alt annað. Gamla ítalska verndaranda trúin var þannig tekin og notuð sem hjálparmeðal til að koma fram pólitiskum fyrirætlunum og efla vald keisarans. Dýrkun Caesars virtist vera mjög vel fallin til að sameina fólk af mismunandi þjóðernum og trúarbrögðum, þar sem hún fól í sér bæði trúarlegar tilfinningar og föðurlandsást; hún var hið ytra merki hins eina og óskiftilega ríkis, sem samanstóð af mörgum þjóðum. En dýrkun keisarans endurlífgaði ekki gömlu trúarskoðanirnar. Hún setti þær á óæðri bekk og saug úr þeim merg og blóð. Og þó að hún þannig rændi þær þeim lífskrafti, sem í þeim var, varð hún sjálf ekki sterkari fyrir það. Hún var ekkert nema ytri siður og fyrirskipun, sem hafði ekkert trúarlegt innihald, og fullnægði á engan hátt trúartilhneigingu manna.

Rómverska keisararfskið sameinaði hinn bygða heim í eina pólitiska heild. Gríská menningin hafði gefið heiminum einingu í menningarlegum skilningi, hún var heimsmenning. Það sem það enn þá skorti var trú. En þráin eftir trú óx upp af þörf einstaklings sjálfsmeytundarinnar; og byrjun hennar var stærri viðburður í sögunni en myndun rómverska ríkisins og þroskun grísku menningarinnar. Og þrá einstaklingsins eftir einstaklingstrú varð ekki fullnægt með keisaradýrkuninni, sem var það eina, er hið trúarbragðalega afskiftaleyti rómverskra stjórnmalamanna gat látið í té til að sylla þá þörf. Hin betri hlið afskiftaleysisins er samt sem áður umburðarlyndi; og trúarbragðalegt umburðarlyndi rómverskra stjórnmalamanna leyfði, að minsta kosti fyrist um sinn, einstaklingnum að fylgja tilhneigingum sínum í þeim sökum sem hann vildi. Trúboð stóíkanna, eins og vér höfum séð, miðaði til þess að beina trúrækni einstaklingsins í áttina til síðferðis fremur en trúar. Þegar þess vegna trúartilhneiginguini var ekki fullnægt með eintómri siðspeki, þá leitaði hún næstmegnis stuðnings hjá austurlenzkum trúarbrögðum. Bættar samgöngur, vegir fyrir herlið Rómverja, aukin verzlun, umfram alt langvarandi dvöl rómversku hermannanna á útjöðrum ríkisins og blöndun þeirra við útlendinga — alt þetta flýtti fyrir útbreiðslu miþratrúarinnar, sem var sérstaklega í afhaldi hjá hermönnunum. Guð, sem var þannig tilbeðinn var ekki